

Akranesi, 31. mars 2017

Akraneskaupstaður,

b/t Svölu Hreinsdóttur, sviðsstjóra.

Efni: Úrsögn úr starfshópi um stefnumótun um málefni aldraðra.

Með bréfi þessu segjum við, fráfarandi formaður og fráfarandi varaformaður FEBAN okkur úr ofangreindum starfshópi, en við látum af stjórnarstörfum hjá félaginu í dag.

Starfshópurinn var settur á stofn á síðasta ári af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og vorum við skipaðir eftir tilnefningu félagsins.

Starfshópurinn var með skipunartíma út þetta ár og byrjaði á því að gera verkefnaáætlun. Ekki náðist að vinna nema rétt byrjun verkefnaáætlunar og það er mat okkar að það þurfi einnig lengri tíma en þetta ár, til að ljúka þeim verkefnum, sem erindisbréf hópsins hljóðaði uppá.

Við viljum með bréfi þessu þakka fyrir frábært og ánægjulegt samstarfs og er það von okkar að starfinu verði haldið áfram, þriðju kynslóðinni svo og samfélaginu öllu á Akranesi til heilla.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Finnur Halldórsson, fv. formaður FEBAN (sign)

Júlíus Már Þórarinsson, fv. varaformaður FEBAN (sign)

samrit:

Stjórn FEBAN